

## Svar

### heilbrigðisráðherra við fyrirspurn frá Daníel E. Arnarssyni um fjölda aðgerða vegna ódæmigerðra kyneinkenna.

1. *Hversu margar aðgerðir vegna ódæmigerðra kyneinkenna voru framkvæmdar á börnum sem fæddust með slík einkenni fyrir gildistöku laga um kynrænt sjálfræði, nr. 80/2019? Svar óskast sundurliðað eftir árum.*

Síðastliðin 15 ár hafa 14 börn farið í aðgerð á Landspítala vegna ódæmigerðra kyneinkenna, 12 drengir og 2 stúlkur. Stúlkurnar tvær undirgengust aðgerð á leggöngum og þvagrás vegna meðfæddra frávika í þessum líffærum, drengirnir vegna meðfæddra frávika á þvagrás (hypospadias).

Í meðfylgjandi töflu má sjá tölulegar upplýsingar um fjölda barna sem fóru í aðgerð vegna ódæmigerðra kyneinkenna frá árinu 2007–2021. Þessar tölur miðast við ár fyrstu aðgerðar hjá hverju barni ef þær voru fleiri en ein:

Ár fyrstu aðgerðar, ef fleiri en ein aðgerð	Fjöldi barna sem fóru í aðgerð vegna ódæmigerðra kyneinkenna	
	Drengir	Stúlkur
2008	1	
2010	2	
2011	2	1
2012	1	
2013	2	
2014	1	
2016	0	1
2017	2	
2020	1	
Samtals	12	2

2. *Hafa slíkar aðgerðir verið framkvæmdar eftir að lög um kynrænt sjálfræði tóku gildi? Ef svo er, hversu margar?*

Eftir gildistöku laga um kynrænt sjálfræði, nr. 80/2019, sem tóku gildi árið 2019 hefur ein slík aðgerð verið framkvæmd á spítalanum.

3. *Hversu mörg mál hafa ratað á borð teymis um börn sem fæðast með ódæmigerð kyneinkenni, sbr. 13. gr. a laga um kynrænt sjálfræði?*

Það hafa engin mál af þessu tagi enn borist til teymis BUGL um kynvitund skv. 13. gr. laga um kynrænt sjálfræði.